



## Kennsluáætlun – 2019-2020

**Námsgrein:** Íslenska

**Árgangur/bekkur:** 2010/4. bekkur

**Kennari:** Steinunn María Þórsdóttir

**Námsefni:**

- Ýmsar lestrarbækur sem henta í Byrjendalæsi
- Ýmis ljósrituð verkefni
- Stóra sögubókin mín/ipad
- Litla lesrún/Lesrún/Lesrún 2
- Ritrún 3
- Sögusteinn

**Bækurnar / efnisþættir:**

- **Byrjendalæsi:** Sú kennsluaðferð sem lögð er til grundvallar í lestrarkennslu nefnist Byrjendalæsi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi sem hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri í samvinnu við skóla á Norðurlandi undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Viðhorf til náms og kennslu í Byrjendalæsi eru í anda hugsmíðahyggju sem gengur í raun út á það að nemendur læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna. Góðar barnabækur er sá efniviður sem unnið er með í námi og kennslu, jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning. Ýmist er unnið með fjölbreytt námsgögn, spil, ljósrituð verkefni, sögubók eða verkefna- og úrklippubækur.

### Grunnstoðir Byrjendalæsis

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir
- Merkingarbær viðfangsefni
- Námi er félagslegt ferli - samvinna
- Unnið út frá gæðatexta – alvöru bækur, alvöru texti
- Einstaklingsmiðun í kennslu
- Námi án aðgreiningar
- Samvinna nemenda í námi

### **Aukabækur**

- **Lesrún:** vinnubók sem notuð er til að auka lesskilning og fá nemendur til þess að finna aðaðaltriði í texta.
- **Ritrún 3:** vinnubók sem tekur á grunnatriðum í málfræði, greinarmerkjum og nokkrum stafsetningarreglum.
- **Sögusteinn:** bók til að lesa saman og spjalla um. Bókin skiptist í þrjá aðalkafla sem hver um sig inniheldur fjölbreytt efni, sögur, fræðsluefni, samtalsþætti og vísur.

**Helstu kennsluaðferðir:** Unnið er með ákveðinn gæðatexta í hverri viku, kennari les fyrir nemendur, unnið með lykilorð og ákveðin markmið út frá hverjum texta. Mikið unnið í hringekju, paravinnu og á vinnusvæðum. Vinnubókarvinna í bland.

**Sambætting námsgeina:** Textar og verkefni sambætt við fjölið, náttúru- og samfélagsfræði og stærðfræði.

**Lestur:** Yfirferð í lestri miðast við getu hvers og eins en stefnt er að því að sem flestir lesi grunnefni vetrarins. Ætlast er til þess að nemendur lesi 5 daga vikunnar heima. Hver nemandi les u.þ.b. 1 sinnum í viku í skóla fyrir kennara/stuðningsfulltrúa.

**Námsmat:** Vinnusemi og virkni í tímum. Hraðlestrarpróf þrisvar að vetri. Unnið verður með málfræði, lesskilning og stafsetningu.